

Málproski barna er mál foreldra

*M*álproski



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Málproski

Lítið barn lærir móðurmál sitt af því að hlusta á og tala við foreldra, systkini og aðra sem í kringum það eru. Hluti af þessu móðurmálsuppeldi er sífelld endurtekning, barn leikur sér að hljóðum og hlustar á þá sem annast það endurtaka hljóðin. Síðan koma orðin hvert af öðru og eru endurtekin aftur og aftur. Flestir foreldrar kannast við það að hafa varið löngum tíma í að benda á nef, augu og munn, á meðan barnið er að læra hvað er hvað. Því eru kennd nöfn á fjölskyldufólkinu og heiti á hlutum í umhverfinu. Barn hefur ómælda ánægju af söng, barnagælum og þulum, það hlustar jafnvel vikum saman áður en það fer að hafa eftir og reyna sjálf.


■ Málproski er hluti af almennum þroska barnsins. Með málproska er átt við orðaforða, framburð, setningaskipan og beygingar. Barn með skertan vitsmuna-, tilfinninga-, félags- eða hreyfiþroska er oftast seint til máls eða sýnir einhver frávik í málproska.

■ Hér verða talin upp nokkur atriði sem einkenna ýmis aldursskeið. Ætlunin er að þau verði til hliðsjónar fyrir upp- alendur en veki ekki upp áhyggjur. Töluverð frávik eru að sjálfsögðu eðlileg enda erum við öll einstaklingar og fjölbreytileikinn mikill.

Hjal

Fyrstu hljóð sem barn gefur frá sér virðast vera náttúruleg viðbrögð og hljóðin eru mynduð bæði við inn- og útöndun. Þegar barnið grætur er um að ræða stutta innöndun og langa útöndun og er hér á ferðinni undirbúningur að tali. Fyrstu vikurnar gefur það aðeins frá sér hljóð sem gefa til kynna ánægju, vellíðan, svengd eða sársauka.

■ Smátt og smátt þróast þetta út í svo kallað hjal. Barnið myndar ýmis hljóð eða hljóðasambönd sem ekki eru til í móðurmáli þess, það reynir aftur og aftur, hlustar og endurtekur og þetta verður að skemmtilegum leik hjá því. Barnið verður að fá frið til að hlusta á sína eigin rödd. Þetta er auk þess þjálfunartímabil fyrir talfærin, barnið æfir gómvöðva (ka-ka, ga-ga), varir (ma-ma, ba-ba) og tungu (da-da, ta-ta). Hjalíð verður síðan æ meira félagslegs eðlis, þ.e. barnið hlustar og hermir eftir. Heyrnarskert börn hjala fyrstu vikurnar en hætta því vegna þess að þau heyra hvorki eigin hljóð né hljóð frá umhverfinu. Hreyfi- og málproski eru nátengd þroskastig og á hjal tímabilinu eru ómarkvissar og fálmandi hreyfingar einkennandi.



■ Rödd og svipbrigði eru mikilvæg á þessu tímabili. Barnið lærir fljótt að túlka raddblæ, það skynjar hvort hlýja, reiði eða undrun er í röddinni. Það túlkar einnig svipbrigði og bendingar löngu áður en það skilur orðin og merkingu þeirra. Barn tíðir sig eins og fullorðna fólkið með hreyfingum og svipbrigðum, það réttir út höndina þegar það vill fá eitthvað og setur upp skeifu þegar því mislíkar og þar fram eftir götunum. Barnið lærir að sitja, skriða, standa upp og ganga. Þannig getur það rannsakað umhverfið af eigin rammleik.

Fyrstu orðin

Smátt og smátt fer barnið að skilja að sum hljóð og hljóðasambönd geta haft ákveðna merkingu og að hlutirnir í umhverfinu bera nöfn. Fyrstu orðin koma oftast á tímabilinu 10-18 mánaða, við getum sagt að barnið hafi lært sitt fyrsta orð þegar það notar það ákveðið í boðskiptum við aðra þ.e. notar orðið markvisst. Á þessu aldurskeiði er orðaforðinn aðallega nafnorð „mama“, „papa“ (og heiti hluta) en barnið notar nær eingöngu eins orðs setningar. Dæmi: mamma getur þýtt mamma viltu taka mig, bolti, getur þýtt, ég vil fá boltann. Síðan bætast sagnorðin við (heiti athafna) barnið fer nú að nota tveggja orða setningar. Dæmi: bangsi detta, mamma vinna.

■ Jafnframt þessu mynda sum börn hljóðarunur eins og um setningar sé að ræða, það „talar“ í löngum bunum og notar hrynjandina í málinu án þess að

mynda skiljanleg orð. Fyrstu orðin koma yfirleitt um svipað leyti og fyrstu skrefin eru tekin.

Tveggja ára barn

Um tveggja til tveggja og hálfis árs aldur fer barnið að nota orð í samskiptum og spyr mikið um hluti í kringum sig. Orðaforði vex hratt og það notar **ég** um sjálf sig og fer að nota forsetningar, fleirtölumyndir orðanna eru að byrja að koma og það notar **hvað** mikið í samskiptum sínum við aðra.

■ Málið er nú orðið nokkuð góður boðskiptamiðill og barnið getur gefið til kynna óskir og þarfir, einnig sagt frá einföldum atburðum. Barnið hlustar mikið á mál hinna fullorðnu og hermir eftir því. Þeir sem umgangast barnið þurfa því oft að endurtaka orð og setningar fyrir það, oft um það sem vísar til aðstæðna hér og nú.



■ Á þessum aldri eru klunnalegar hreyfingar einkennandi og jafnframt stuttar setningar.

Þriggja ára barn

Enn vex orðaforði hratt og um þriggja ára aldur fer barnið að geta nýtt sér forsetningar svo sem *i, undir, bak við* og lærir einnig kyn orðanna. Það lærir talnarunur og skilur talnahugtökin 1, 2, 3, og á þessu tímabili lærir það líka litina rauður, gulur, grænn og blár, einnig getur það sagt til um nafn, kyn og aldur sé það spurt.

■ Barnið notar persónufornöfn og fleirtölumyndir nokkuð rétt. Það getur haldið uppi einföldum samræðum og lýst í stuttu máli því sem það er að gera. Það spyr margra spurninga sem hefjast á orðunum **hvar, hver, hvað**. Setningaskipan og beygingar eru að þróast og barnið fær meiri tilfinningu fyrir málinu. Á þessum aldri hafa börn mjög gaman af að lesið sé fyrir þau, einnig eru vísur, þulur og söngvar vinsælt efni.

■ Líkamsjafnvægi er gott, barnið gengur, hleypur, hjólar á þrihjóli, grípur bolta með útréttum örmum og klifrar. Fínhreyfingar handa eru fremur grófar, það klippir, þræðir stórar perlur á reim, raðar



kubbum í turna, flettir bókum hratt og teiknar hringi. Sum börn teikna höfuðfætlur (búk með andliti og ótal mörgum örmum).



■ Mörg börn á þessum aldri byrja að stama eða hjakka á sama orðinu einkum í byrjun setningar. Þetta er svokallað „smábarnastam“. Það er eðlilegt því að barnið ræður ekki fullkomlega við myndun setningar sökum ákafa við að tjá sig. Foreldrar þurfa að gefa barninu tíma og hlusta á hvað það hefur að segja en ekki hvernig.



Fjögra ára barn

Enn eykst orðaforðinn og spurningum rignir í tíma og ótíma. Barnið spyr oft um hluti og atburði sem það veit mæta vel um, ef til vill til að fá staðfestingu á hugmyndum sínum eða til að heyra þær af vörum hinna fullorðnu. Barnið hefur mikla ánægju af mállegum samskiptum bæði við fullorðna og jafnaldra, það býr til orð og finnur rímorð, lærir ljót orð og bull og skemmtir sér konunglega. Það notar mikið „**af hverju**“. Nauðsynlegt er að fullorðnir sinni barninu á spurnartímabilinu jafnvel þó ljóst sé að það viti svarið.

■ Mörg börn hafa gaman af ævintýrum og eiga þá ekki alltaf auðvelt með að gera greinarmun á veruleika og hinu ímyndaða. Þau fara í hlutverkaleiki og líkja þá eftir hinum fullorðnu í boðskiptum sínum.

■ Grófhreyfingar barnsins eru orðnar liprar, það hollar mikið og reynir að hoppa á öðrum fæti. Það grípur bolta með báðum höndum við brjóstið. Fínhreyfingar handa eru markvissari en áður og samhæfing augna og handa er nokkuð hnitmiðuð. Það raðar auðveldlega litlum kubbum, klippir eftir striki, teiknar myndir og getur útskýrt hvað er að gerast á myndunum.

Fimm ára barn

Við fimm ára aldur eykst orðaforðinn ekki eins hratt og áður. Barnið verður fullorðinslegra og orðaflaumurinn verður minni. Setningarnar eru nú orðnar flóknari og barnið

ræður nokkuð vel við málfræðileg atriði. Framburðurinn er yfirleitt orðinn eðlilegur með smávægilegum undantekningum þó. Málleg samskipti við barnið eru auðveld og það fylgist vel með frásögn og útskýringum. Málið er orðið miðill fyrir það til að skynja og skilja umhverfið og það á auðveldara með að leysa flókin viðfangsefni.

■ Líkamshreyfingar eru fjáðurmagnaðar og fínhreyfingar handa nákvæmar og mörg börn hafa unun af að fást við verkefni af ýmsu tagi sem krefjast nákvæmni í höndum.



Hvað geta foreldrar gert?

Besta og greiðasta leiðin til málörvunar er að tala við barnið og lesa fyrir það.

■ Lesið fyrir barnið og ræðið um efni bókarinnar. Fáðið það einnig til að „lesa“ eða rekja efni bókarinnar með hjálp myndanna. Að syngja og fara með þulur veitir börnum mikla ánægju og er góð málörvun.

■ Talið við barnið um það sem er tengt því sjálfu og nánasta umhverfi þess, t.d. nafn þess, nöfn á foreldrum og systkinum, afmælisdaga og aldur, heiti líkamshluta og heimilisfang. Ræðið við barnið um dagana, veðrið, árstíðirnar og um litina, einföld form, stærðarhugtök, tölur, talnaraðir o.fl.

■ Forsenda þess að barn læri er að leika og tala við það. Leikurinn er notaður til að ná athygli og vekja áhuga um leið og leikþörfinni er mætt.

Hugmyndir að leikjum og samtölum: Barnið lærir liti af að para þá saman. Dæmi: „Þú ert í rauðum sokkum og ég er í rauðri peysu“ eða „Finndu eitthvað sem er alveg eins á litinn“. Vísur og þulur um litina er að finna í vísnaðókum.

■ Barnið lærir nokkuð fljótt ýmis andheiti svo sem *stór-litill* en það þarf að auka við kunnáttu sína og læra hugtök eins og *stærstur-minnstur*, *stuttur-langur*, *breiður-mjór*.

Dæmi: Þegar barnið leikur sér að kubbum og „dýrum“ er hægt að nota áðurnefnd hugtök. „Ætla þú að hafa stærsta kubbinn, ég ætla að

hafa þann minnsta“ og „Minn hestur stekkur svo langt“.



■ Til að barnið skilji hugtök eins og fyrir framan, aftan, bak við, við hliðina á, undir, kringum o.s.frv. þarf

það að æfa sig í leik og í daglegu lífi.

Dæmi: „Boltinn er á bak við sófan“ eða „við hliðina á sófanum“. Í dýraleik er hægt að æfa, „Kýrin mín er fyrir framan en þinn kálfur er fyrir aftan“ eða „mínar kindur eru allar fyrir utan girðinguna“.

■ Barnið lærir heiti líkamshluta á þann hátt að fullorðnir nefna og tala um þá þegar barnið er klætt í eða úr. Talið um fótinn, hnéð, lærið, hælinn, ilina og ristina, einnig um aðra líkamshluta eins og handlegg, öxl, hönd, olnboga, lófa og handarbak. Þulur um fingurna eru góðar.

■ Barnið lærir smám saman talnarunur 1-2-3-4 o.s.frv. Síðan lærir það talnagildi.

Dæmi: Það er góður leikur að telja fingurna og tærnar. Kubbar og aðrir hlutir úr leikfangasafninu eru góðir í talnaleikjum, t.d. að finna jafnmarga. Barnið þarar saman fjölda og lærir jafnmikið, meira eða minna.

■ Barn áttar sig nokkuð fljótt á yfirhugtökum í málinu ef þau eru notuð af fullorðna fólkinu sem annast það.

Dæmi: Föt er yfirhugtak yfir peysu, buxur, húfu o.fl.
Ávextir er yfirhugtak fyrir epli, appelsínu, banana o.fl.
Dýr fyrir, hund, kött, svín o.fl. Húsgögn fyrir, stól, borð, sófa o.fl.

■ Á mörgum heimilum eru til ýmis spil og röðunarleikföng. Einföld bingóspil eru heppileg fyrir yngri börnin því að í þeim er oft mikið um endurtekningar á heitum hluta og þau æfast í að þara saman myndir. Fyrir eldri börnin eru spil með margbreytilegum myndum heppileg, þau æfast í að mynda langar setningar þegar þau þurfa að lýsa því sem er á myndinni eða biðja um ákveðna mynd.

■ Börn í borg og bæjum hafa sjaldan færi á að umgangast dýr og afkvæmi þeirra. Því er nauðsynlegt að kenna þeim heiti dýra og einkenni þeirra af myndum og með leikföngum.

Dæmi: Köttur – kettlingur. Kötturinn mjálmur og malar, hann lepur mjólk.

Kýrin – kálfurinn baular og kýrin gefur okkur mjólk.

Hesturinn – folaldið hneggjjar og hesturinn er með tagl, kýrin er með hala og kindin er með dindil. Vísurnar um húsdýrin, „Við skulum syngja um kýrnar sem baula oft í kór“ eru skemmtilegar.

■ Hér hefur verið nefnt ýmislegt sem hægt er að gera til að örva málþroska barna en mikilvægt er að hlusta á barn tala og endurtaka rétt það sem það ef til vill segir rangt.

■ Hafið hugfast að öll málleg samskipti við barn auka mál-skilning og máltjáningu og efla vitsmuna-, tilfinninga- og félagsþroska sem barnið býr að alla ævi.

